

***BORGARRÁÐ 27. júní 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um upplýsingagjöf velferðarsviðs til eldri borgara - R19060236***

Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum um í hvað marga borgara sem eru 75 ára og eldri hefur Velferðarsvið hringt í til að kanna með hvort viðkomandi er upplýstur um réttindi sín og almennt sé hvernig viðkomandi líður. Borgarfulltrúi Flokks fólksins gerir sér grein fyrir að ýmislegt er reynt til að koma upplýsingum til borgarbúa. En betur má ef duga skal. Of mikið er treyst á netið og að fólk sé almennt nettengt. Það er ekki alveg raunveruleikinn. Fjölmargir eiga ekki tölvu t.d. elstu borgararnir. Leggja þarf meiri áherslu á símtal til fólks og fylgjast með eldri borgurum og öryrkjum hvort allir hafa örugglega fengið upplýsingar t.d. um réttindi sín. Fram kemur að verið er að uppfæra bækling sem gefinn var út árið 2017 og sendur var öllum eldri borgurum 75 ára og eldri um þá þjónustu sem stendur þeim til boða. Nú er árið 2019.